

15. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

haldinn þriðjudaginn 12. júní 2018 kl. 14:00

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sigrún Blöndal, formaður SSA, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Björgólfur Jóhannsson, frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Ingibjörg Ólafsdóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Þórir Garðarsson, frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra voru fjarverandi vegna þingstarfa.

Aðrir: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, Ólafur Teitur Guðnason (ANR), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Orri Páll Jóhannsson (UAR) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð. Ólafur Árnason frá EFLU sat fundinn undir 2. dagskrárlið.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Ferðamálaráðherra bauð nýja stjórnarmenn velkomna. Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt.

2. EFLU-verkefni.

Ólafur Árnason frá EFLU gerði grein fyrir starfi fjögurra vinnuhópa sem verið hafa að störfum sl. vikur við að greina sjálfbærnivísa hvað varðar lykilkætti í innviðum. Hóparnir fjórir hafa skoðað þjóðhagslegar stærðir, innviði og fjárfestingar, umhverfislegt jafnvægi og félagslegt jafnvægi. Þegar búið verður að ljúka vinnu hópanna og fara yfir hana með ráðgafaráðum munu hafa skapast aðstæður til að framkvæma ástandsmat með gildissetningu. Í þeirri vinnu, sem er sérstakt verkefni, verði afstaða tekin til þess hvaða mörk séu ásættanleg og hvað ekki og sviðsmyndagreiningar framkvæmdar. Rætt um gildi vinnunnar og hvernig hún nýtist bæði stjórnvöldum og sveitarfélögum í vinnu þeirra og jafnframt í auknum tengslum og skilningi milli aðila.

3. „Gjaldtaka í ferðaþjónustu“.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefnistillögu um vinnu starfshóps um samráð varðandi leiðir til gjaldtöku í ferðaþjónustu sem send var stjórnarmönnum milli funda. Hópurinn verður skipaður einum fulltrúa frá hverjum ráðherra sem sæti á í stjórninni auk einum fulltrúa frá Samtökum ferðaþjónustunnar og einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Allar tilnefningar hafa borist og skal starfshópurinn skila tillögum til ráðherra í stjórninni innan fjögurra mánaða frá upphafi starfsins.

4. „Leyfisveitingar í ferðaþjónustu“.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir framgangi verkefnis um leyfisveitingagátt í ferðaþjónustu sem unnið er í samstarfi við Ferðamálastofu og fjármálaráðuneyti, þar sem upplýsingatæknimál eru nú vistuð. Miðað er við að gáttin fari í loftið í september nk. Ferðamálaráðherra sagði að einföldun og upplýsingatækni væru í forgangi á kjörtímabilinu. Rætt um að málið væri tvíþætt, annars vegar einföldun leyfisveitingakerfisins og viðmóts þess sem slíks og hins vegar eftirfylgni með því að ferðaþjónustuaðilar sæki um tilskilin leyfi.

5. Stefnumótun ferðaþjónustunnar – opinber stefnumótun og stefnumótun greinarinnar með þátttöku hagaðila.

Framkvæmdastjóri fór yfir aðferðafræði við stefnumótun stjórnvalda annars vegar, sem þegar er hafin, og greinarinnar með aðkomu hagaðila hins vegar, sem fyrirhugað er að setja af stað undir lok ársins. Um er að ræða tvö verkefni sem engu að síður skarast og fara saman. Stjórnvöld skapa ramma fyrir greinina

til að vinna innan með því að setja fram framtíðarsýn um hvert skuli stefnt (e. vision, policy making) og greinin setur fram aðgerðabundna stefnu sem rúmast innan þeirrar sýnar (e. strategy). Rætt um aðferðafræðina og samþykkt að halda áfram á þeirri braut sem hefur verið mörkuð.

6. Árangur af starfi Stjórnstöðvar ferðamála – drög að skýrslu ferðamálaráðherra til Alþingis.

Framkvæmdastjóri kynnti yfirlit yfir þau verkefni sem Stjórnstöð ferðamála hefur ráðist í og hvernig þau hafa dreifst yfir þann tíma sem Stjórnstöðin hefur starfað. Ferðamálaráðherra væntir þess að geta skilað skýrslu til Alþingis í sumar.

7. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir framgangi vinnu að verkefni um framleiðni í ferðaþjónustunni, sem rætt var um á síðasta stjórnarfund. Enn er verið að skilgreina verkefnið og hverju því sé ætlað að skila. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að verkefnið „Fyrirmyndastaðir í ferðaþjónustu“ væri í undirbúningi og verið að ræða við hagaðila sem tengjast slíku verkefni.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að verkefnið um áreiðanleg gögn væri nú komið yfir til Ferðamálastofu ásamt Mælaborði ferðaþjónustunnar. Rætt um mikilvægi þess að ákvarðanir um rannsóknir í ferðaþjónustu séu teknar á breiðum grundvelli eins og lagt er upp með í frumvarpi ferðamálaráðherra um Ferðamálastofu.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársuppgjöri og fjármögnun Stjórnstöðvar ferðamála. Rætt um hvaða fjármagns megi vænta til ráðstöfunar svo Stjórnstöðin geti sniðið sér stakk eftir vexti hvað verkefni varðar.

Stjórnarmenn ræddu síðan málefni áfangastaðaáætlana en skerpa þyrfti á niðurstöðum áfangastaðaáætlana sem hefði verið skilað inn til Ferðamálastofu og tryggja eftirfylgni.

Stjórnarmenn ræddu jafnframt málefni markaðsstofa landshlutanna, mikilvægi þess að það fé sem til þeirra rynni frá stjórnvöldum væri vel skilgreint og hlutverk þeirra við erlenda markaðssetningu.

Fundi slitið kl. 15.35.